



Minnisblað


Suðurnesjabær, 30.09.2021

Verkefni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – Suðvesturland

Svæðin sem Náttúrustofa Suðvesturlands gerði úttektir á vegna ágangs ferðamanna árið 2021 voru níu talsins, og eru þau eftirfarandi; Reykjadalur, Seltún, Búrfellsgjá, Litluborgir, Leiðarendi, Núpshlíðarháls, Sandvík, Katlahraun og Eldborg við Geitahlíð. Auk þeirra var fuglavöktun stór hluti af verksamningi Náttúrustofunnar, bæði atferlissókn flórgoða á Vífilstaðavatni og eins talningar strand-, vatna- og farfugla á höfuðborgarsvæðinu. Vöktunarsvæði fugla voru átta talsins; Vífilstaðavatn og Vatnsmýrin, Álftanes, Blikastaðakró, Leiruvogur, Ástjörn, Urriðakotsvatn, Hvaleyrarvatn og Hvaleyrarlón.

Úttekt ferðamannastaða er lokið og hefur mestum hluta aflaðra gagna þegar verið hlaðið í gagnagrunn verkefnisins hjá NÍ. Vöktunarverkefni flórgoða lauk um mitt sumar. Hafði veður og afrán mikil áhrif á varp flórgoða við Vífilstaðavatn sumarið 2021. Yfirferð myndvöktunargagna úr verkefninu er þegar hafin. Fuglavöktun á höfuðborgarsvæðinu hófst í apríl og mun ljúka fyrirpart októbermánaðar.

Vöktun náttúruverndarsvæða 2021



Starfsfólk sem vann að verkefninu árið 2021 voru þau Sindri Gíslason, Ólafur Páll Jónsson, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir og Joana Micael